

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 54/97
frá 31. júlí 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 14/97 frá 24. mars 1997⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1935/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á reglugerð (EBE)
nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á
landbúnaðarafurðum og matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII.
kafla II. viðauka við samninginn:

„- 395 R 1935: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1935/95 frá 22. júní 1995 (Stjtið. EB nr.
L 186, 5. 8. 1995, bls. 1).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1935/95 á íslensku og norsku fylgir sem
viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner